

# Fundargerð 30. fundar ferðamálaráðs – 2. júlí 2009

Fundurinn var haldinn í iðnaðarráðuneytinu 2. júlí 2009, kl. 8.30.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður (SK), Anna G. Sverrisdóttir (AGS), Dagur B. Eggertsson (DBE), Einar Karl Haraldsson (EKH), Gunnar Sigurðsson (GS), Sævar Skaptason (SS), Jón Ásbergsson (JÁ), Helgi Már Björgvinsson (HMB) og Pétur Rafnsson (PR). Einnig áheyrnarfulltrúarnir Ólöf Ýrr Atladóttir (ÓA) og Kristín Helga Markúsdóttir sem ritaði fundargerð. Dóra Magnúsdóttir boðaði forföll.

## Dagskrá:

### 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

### 2. Staða og horfur í íslenskri ferðaþjónustu

Meðfylgjandi úr skýrslu fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009-2013 var rætt:

#### **Skattur á komufarþega og hótalgistingu**

*Algengt er að lagður sé sérstakur skattur á hótalgistingu og kæmi til álita að gera slíkhér. Skortur er á fé til að standa undir kostnaði við aðstöðu í þjóðgördum og á ferðamannastöðum og mætti athuga þessa skattheimtu með það fyrir augum að tekjur af henni færist smám saman yfir til slíkra verkefna. Til að jafna nokkuð á milli mismunandi gistiforma er unnt að taka hluta af þessum tekjum með gjaldi á flugfarseðla til landsins. Gistinætur á hótelum eru um 1,5 milljónir á ári. Með 300 kr. gjaldi að jafnaði á gistinótt yrðu tekjur um 450 m.kr á ári. Gjald á hvern farseðil að fjárhæð 500 kr. gæfi um 250 m.kr. miðað við 500 þúsund komur til landsins eða alls um 700 m.kr. Mætti hugsa sér að í upphafi rynni 1/4 af þeirri fjárhæð til þjóðgarða og verkefna í tengslum við ferðaþjónustu en sá hluti fari hækkandi þegar fjárhagur ríkissjóðs batnar.*

HMB segir að það þurfi að taka afstöðu til þessa, – þögn sé sama og samþykki. SK segist muni senda ráðherra bréf. DBE bendir á skýrslan fjalli um allar mögulegar hugmyndir um tekjuöflun ríkisins og að nú sé lag að koma með athugasemdir. JÁ leggur til að formaður og varaformaður geri drög að bréfi til bæði iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra. SK leggur til að SAF haldi málþing síðsumars þar sem þetta yrði rætt.

### 3. Önnur mál.

JÁ dreifir fjölríti sem nýst gæti við skilgreiningu á Íslandsstofu, hugtakanotkun og hlutverk. SS spyr ÓA hvort verið sé að telja aukningu íslenskra ferðamanna innanlands. ÓA segir Hagstofuna halda utan um gistinætur en vegna annarra möguleika við gistingu sé sú talning ekki mjög marktæk.

HMB spyr um stöðu mála hjá Portusi. SK segir að verið sé að auglýsa eftir framkvæmdarstjóra og markaðsstjóra. Fyrirtækið komið aftur af stað eftir biðtíma vegna efnahagsástandsins. Þá er vöntun á bilaleigubílum rædd en tilgreint að ástandið sé ekki eins slæmt eins og látið er

uppi. Verið sé að verðleggja Íslendinga út af markaðnum. Þarf að fylgjast með þessari óheillaþróun.

Fundi slitið kl. 9:30. KHM